

2. tbl. 31. árg. maí 2017

KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra Kristniboðsfélaga



sik.is

Aðalfundur og fjármál

Aðalfundur SÍK var haldinn miðvikudaginn 10. maí. 45 manns sóttu fundinn og á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf, þ.e. skýrsla stjórnar, skýrslur aðildarféлага, ársreikningur liðins árs, fjárhags- og starfsáætlun, stjórnarkjör, val á skoðunarmönnum reikninga og umræður. Sérstaklega var fjallað um tengsl SÍK við ungt fólk og hvernig laða megi ungt fólk að kristniðóðsstarfinu.

Starfsskýrslan er aðgengileg á sik.is en einnig má hafa samband við skrifstofuna til að fá hana útprentaða. Engin breyting varð á aðalstjórn en Sigurður Pálsson var kosinn varamaður ásamt Willy Petersen.

Í reikningum kom fram um það bil 16 milljón króna halli á rekstrinum í fyrra. Rekstur fasteigna og laun hafa hækkað mest og eins dró úr tekjum á liðnu ári. Um 42% útgjalda voru vegna starfsins úti,



um 16% vegna Basarsins og 42% vegna heimastarfs og reksturs skrifstofu og húsnæðis.

Í ár er fjárhagsáætlunin nánast í jafnvægi með um 80 milljónir í tekjur og 80 í gjöld. Þar af er hagnaður Basarsins tæp 30%.



Framlag kristnisjóðs hækkar í 5 milljónir eftir að hafa verið lækkað í fyrra. Eins er ógreiddur arfur upp á 5 milljónir sem væntanlegur er á næstu vikum og mun hvort tveggja hjálpa mikið við að ná markinu.

RG



Hvalur hf.



Kristniðóðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniðóðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniðóðsfréttir segir frá kristniðóðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniðóð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári.

Áskrift er ókeypis.

Þeir sem hafa áhuga á að fá Kristniðóðsfréttir eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu félagsins á Háaleitisbraut 58-60.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Kristín Bjarnadóttir.

Prófarkalestur sér Edda Ólafsdóttir um.

Útlit og uppsetningu annast Emil Hreiðar Björnsson.

Prentun er í höndum Ísafoldarprentsmiðju.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniðóðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniðóðssambandið, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: sik@sik.is Vefslóð: <http://sik.is>

Formaður Kristniðóðssambandsins er Ólafur Jóhannsson.

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Hvað er kristniðóð

Kristniðóðar hafa reynt að hjálpa fólki, sem býr við hörmungar, fátækt, líkamlega og andlega vanlíðan með ýmsum hætti. Íslenskir kristniðóðar starfa í Afrikulöndunum Eþíópíu og Keníu og í Japan. Þar vinna þeir að alhliða fræðslu, hjúkrun, heilsuvernd og margs konar þróunarverkefnum svo sem umbótum í landbúnaði, verndun vatnsbóla og fleiru.

Á tímum hungursneyðar taka þeir þátt í viðtæku hjálparstarfi og matvæladreifingu.

Samhliða þessu er trúin á Jesú Krist boðuð. Hún veitir fólki nýjan styrk og lausn undan valdi illra afla. Trúin gefur nýja lífsvon.

Hvað er kristniðóð

Allt starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með fóstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2818 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er upp rúmar 70 milljónir á þessu ári.

Við þökkum fyrir gjafir til starfsins

Hreinsum andrúmsloftið og sættumst

Ragnar Schram skrifar hugvekjuna í blaðið. Hann starfaði sem kristniðóði í Eþíópíu en er nú framkvæmdastjóri SOS barnaþorpa á Íslandi.



Við erum víkingar. Víkingar fyrirgefa ekki. Í samfélagi víkinga hugsar hver um sæmd sína og þarf að geta hefnit sín geri einhver honum mein. Vandamálið er bara að þá þarf hinn aðilinn að hefna sín næst og svo koll af kolli. Þannig geta hlutirnir ekki gengið endalaust. Einhver þarf að hafa vit á því að rjúfa hefndarkeðjuna og ekki er verra ef fyrirgefningin kemst að og sættir nást.

Í samfélagi víkinganna til forna var þetta þannig. Auga fyrir auga, tónn fyrir tónn. Við sem þekkjum Biblíuna könnumst við það. Víkingarnir greiddu stundum bætur til að koma í veg fyrir hefnd og stundum gáfu þeir hver öðrum gjafir til að undirstrika sættirnar og vináttuna. Jafnvel kom fyrir að menn giftu börn sín á milli fjölskyldna sem deilt höfðu, til að stuðla að friði.

Mannleg samskipti geta verið flókin

Það á ekki bara við um víkingana. Það á líka við um nútímamanninn, t.d. í fátækari ríkjum heims eins og þar sem kristniðóðið hefur starfað. Þar geta ættbálkadeilur staðið árum saman og tekið mörg líf fyrir utan alla streituna og óryggið sem slíkt ástand veldur.

Kristniðóðar hafa m.a. það hlutverk að flytja boðskap friðar og koma á sáttum.

Á Íslandi flytja fréttamiðlar okkur daglega fréttir af fólki sem deilir. En deilur þurfa ekki endilega að fara hátt.

Deilur geta farið fram í þögn. Í afskiptaleyzi og afneitun. Jafnvel inni á heimilum. Hverjum líður vel í þannig andrúmslofti?

Er ekki kominn tími til að hreinsa

andrúmsloftið? Opna út og láta ferskt loft blása út fylunni og leiðindunum?

Ekki veit ég um neina betri fyrirmynd í lífinu en Krist. Margir aðrir eru góðar fyrirmyndir og leyfi ég mér að nefna Dale Carnegie í því sambandi. Hann var snillingur í mannlegum samskiptum en Jesús Kristur var fyrirmynd hans.

Jesús hvatti menn til að sættast og Dale Carnegie gerði það líka með því að vitna í Krist.

Sættir geta verið erfiðar

Tökum dæmi frá Rúanda. Þjóð sem upplifði þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir fyrir rúmum 20 árum. 800 þúsund voru drepin.

Í Morgunblaðinu 1. maí 1998:

Louise Arbour, aðalsaksóknari í málum vegna glæpaverka í Rúanda og fyrrum Júgóslavíu, segir að játning Kambanda hafi komið í kjölfarið á yfirgripsmikilli rannsókn skrifstofu hennar og með játningunni væru auknar líkur á að friður og sátt næðist í Rúanda.

Og í frétt í Morgunblaðinu 6. apríl 2014: *Lögð hefur verið áhersla á að koma á sáttum með játningu, iðrun og fyrirgefningu. Yfir 1,2 milljónir mála voru afgreidd þannig án refsidóma þar til verkefninu var hætt í maí 2012.*

Máttur sátta er mikill. Þeim fylgir betri liðan.

Hvort sem um er að ræða þjóðarmorð og hatrammar ættbálkadeilur, tvo gamla vini sem fóru í fylu hvor út í annan eða hjón sem hættu að mæta í kirkju vegna þess að presturinn sagði eitthvað sem þeim mislíkaði – þá er hægt að hreinsa andrúmsloftið og sættast.

Leitaðu ekki langt yfir skammt. Fyrirmyndin er Kristur.

Gangi þér vel.

En sól réttlætisins mun rísa yfir ykkur, sem virðið nafn mitt, og vængir hennar færa lækningu. Þá munuð þið koma út, stökkva eins og kálfar sem hleypt er úr fjósi (Mal 3,20).

Ragnar Schram

Samkomur í vetur

Í haust var ákveðið að breyta lítillaga formi miðvikudagssamkomanna og hafa eina samkomu í mánuði alþjóðlega á bæði íslensku og ensku, líka eina söngsamkomu í mánuði og loks eina sem höfðar til unga fólksins. Alþjóðlegar og söngsamkomur voru þannig allan veturinn en hinar lögðust af um áramót. Mæltist nýbreytnin vel fyrir en von samkomunefndar var þó að



fleiri nýbúar myndu taka þátt í alþjóðlegu samkomunum. Samkomusókn hefur að jafnaði verið 25-40 manns í vetur, stundum fleiri, einkum þegar fjölmennir kórar hafa komið fram.

Afmæli Salts ks.

Eitt af aðildarfélögum SÍK, Salt kristið samfélag, hélt upp á 10 ára afmæli sitt

með hátíðarsamkomu sunnudaginn 14. maí. Sr. Kjartan Jónsson hafði hugleiðingu og ýmislegt gott úr sögu Salts var rifjað upp. Þá kom hópur tónlistar- og söngfólks úr ýmsum áttum fram og Sigurður Ingimarsson kaftinn söng nokkur lög. Á eftir var viðstöddum boðið í léttar veitingar og afmælisköku.

Fróðleg heimsókn til Japans



Aðalfundur lúthersku kirkjunnar í Vestur-Japan.

Framkvæmdastjóri SÍK heimsótti Japan í tvær vikur í lok mars til að kynna sér aðstæður og starf kristniðóðanna Katsuko og Leifs Sigurðssonar sem hafa verið við störf þar frá árinu 2010. Heimsóknin var um margt afar fróðleg. Japanskt samfélag er íhaldssamt, mjög árangursmiðað en fólk jafnframt nægjusamt og saman fer tæknivæðing og gamlar trúarhefðir. Árangur af kristniðóðsstarfi er frábrugðinn því sem við erum vön í Afríku. Að baki liggur ákveðin tortryggni við hið óþekkta.

Starf kristniðóðanna er unnið innan Lúthersku kirkjunnar í Vestur-Japan (WJELC) og búa þau hjón með börnum sínum í úthverfi Kobe sem kallast Rokkóeyja sem er uppfylling með tæplega 20 þúsund íbúa. Engin önnur kirkja er í hverfinu en sú lútherska sem hefur aðstöðu í kjallara 13 hæða fjölbýlishúss. Í kirkjunni starfar m.a. ungmennahópurinn Teens sem Leifur hefur umsjón með.

Kobe komst í fréttir fyrir 24 árum þegar heiftarlegur jarðskjálfti reið yfir borgina, margir létust og mannvirki eyðilögðust. Það vakti því undrun að sjá 55 hæða fjölbýlishús og mörg önnur háhýsi t.d. 40 hæða blokkir á Rokkóeyju. En Japanir hafa líka lært af reynslunni sem sást vel við heimsókn í jarðskjálftasafn Kobe.

Kirkjan rekur biblíuskóla í Kobe, guðfræðiskóla og leikskóla. Fjölmíðlastarf kirkjunnar framleiðir útvarpsþætti sem sendir hafa verið út á þremur útvarpsstöðvum. Japanir hlusta mikið á útvarp vegna fréttamiðlunar og ekki síst vegna þess að yfirvöld nota útvarp til að koma til skila tilkynningum um jarðskjálfta og hugsanlegar flóðbylgjur.

Tímasetning heimsóknarinnar tók mið af



Kirkjan í Kobe.



Daisenfjall í Japan.



Ragnar prédikar í kirkjunni á Rokkóeyju.

því að geta sótt bæði aðalfund kirkjunnar og ársfund kristniðóðanna. Fundirnir voru báðir úti í sveit og uppi í fjöllum. Á aðalfundi kirkjunnar komu fram áskoranir starfsins, þ.e. hækkandi aldur safnaðarfólks, þörfin fyrir öflugra barna- og unglingastarf, sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir ungt fólk o.fl. Rúmlega 3.800 manns tilheyra WJELC

og er helmingurinn talinn vera virkur samkvæmt skilgreiningu kirkjunnar. Á fundinum voru um 150 þátttakendur frá hinum ýmsum stöðum í Vestur-Japan. Ársfundur kristniðóðanna var haldinn í Hiruzen, í 500 m hæð yfir sjávarmáli, en þar byggði NLM (Norska kristniðóðssambandið) á sínum tíma landbúnaðarskóla. Þegar

þörfin minnkaði var staðnum breytt í biblíubúðir, fjósið innréttað og þar er bæði samkomusalur og gistiðastaða. Þarna kom saman fólk frá Íslandi, Noregi, Finnlandi og Japan sem starfar saman í landinu innan WJELC. Stefnumörkun, fjármál, skýrslur og fleira var á dagskrá auk uppbyggilegra stunda og samfélags. Þar, sem annars staðar, er mikilvægt fyrir kristniðóðana að koma saman, ræða sín mál og eiga samfélag. Á þessum fundi komst maður nær kristniðóðunum og daglegu lífi þeirra og fékk innsýn í erfiðleika og það sem vel gengur.

Þó svo Japan sé tæknivætt samfélag og vel státt í hinu ytra þá ríkir víða vonleysi. Heiður er eitt af lykilgildum samfélagsins og skömm andstaða þess. Margt sem útlendingurinn á erfitt með að skilja á rætur sínar í þeirri hugsun.

Aðeins 1-1,5% Japana teljast kristnir og er mjög óvenjulegt. Hins vegar er frelsi til að starfa og boða í landinu. Biðjum fyrir Japan, japönsku þjóðinni og sér í lagi vesturhlutanum með sérstakri áherslu á Kobe og Rokkóeyju.

RG



Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri Kristniðóðssambandsins og Leifur Sigurðsson kristniðóði í Japan.

Fréttir af starfinu í Grikklandi

Janet Sewell starfar hjá grísku kristniðóðssamtökunum Hellenic Ministries og nýtur fjárhagsstuðnings Kristniðóðssambandsins.



Janet með vinum sínum í Sviss.

Þetta ár hefur verið rólegt en samt viðburðaríkt. Ég hef glímt við axlarmein undanfarin ár og hef bedið Guð að lækna mig eða útvega mér peninga til að geta gengist undir aðgerð. Ég fékk peninga og gekkst undir axlaraðgerð í febrúar. Síðan hef ég hvílt og farið í sjúkrahjálfun. Ég er Guði mjög þakklát fyrir að hafa getað farið í aðgerðina, ég er þakklát vinum mínum sem hugsuðu um mig eftir aðgerðina og ég er þakklát fyrir að vera verkjalaus í öxlinni. Meira að segja lækarnir undrast að ég finni ekkert til eftir aðgerðina. Ég lít á þetta sem kraftaverk og þakka og lofa Guð.

Þrátt fyrir veikindin hef ég tekið þátt í mörgum spennandi verkefnum það sem af er ári. Viku fyrir aðgerðina bjó ég til stuttmynd um siðbót Lúters ásamt fimm manna hóp frá Sviss. Ég kynntist þremur þeirra á Lausanne ráðstefnu fyrir ungt fólk á Jakarta í fyrrasumar. Ég sagði þeim frá áhuga mínum á Morphosis eða trúvarnarstarfi og gerð stuttmynda um

trúvörn og þau vildu starfa með mér. Til að gera langa sögu stutta endaði þetta með að ég fór til Sviss þar sem tveir úr hópnum eiga myndver með fræðimanninum Vishal Mangalwadi frá Indlandi. Hann er sérfræðingur í siðbótinni og hefur mikla þekkingu á því hvernig Biblían breytti Evrópu og síðan öllum heiminum. Ég mæli eindregið með bók sem hann skrifaði, The Book that Made Your World, How the Bible Created the Soul of Western Civilization. Við bjuggum til eitt myndband en vonandi fylgja fleiri í kjölfarið.

Talandi um siðbót má segja að þetta ár sé líka merkilegt fyrir Hellenic Ministries. Við fögnum ekki bara 500 ára afmæli siðbótarinnar heldur líka tíu ára afmæli verkefnisins Jósúa. „Jósúa verkefnið“ er árlega átakið okkar í Grikklandi þar sem við dreifum Nýja testamentinu inn á heimili í sveitabörpum landsins. Markmið verkefnisins er að hvert heimili eignist Nýja testamentið á nútíma grísku.

Í ár afhendum við milljónasta Nýja testamentið! Að sumri loknu hefur því ein milljón heimila fengið Nýja testamentið að gjöf. Þegar Lúter hóf siðbótina fyrir 500 árum í Wittenberg barst hún um alla Evrópu en ekki til Grikklands þar sem Grikkland var undir stjórn Tyrkjaveldis. Við erum mjög spennt fyrir þessum áfanga og biðjum Guð þess að hér í Grikklandi hefjist andleg siðbót. Ef þú, lesandi góður, hefur áhuga á að taka þátt í að færa grísku þjóðinni orð Guðs geturðu fengið frekari upplýsingar á netsíðunni: operationjoshua.org. Þú ert velkominn í hópinn.

Annar merkilegur viðburður á árinu er fyrsta trúvarnarráðstefnan í Grikklandi sem haldin var í lok apríl. Trúvörn er ný af nálinni í Grikklandi og margir hafa ekki heyrt á hana minnst eða sjá ekki hvaða tilgangi hún þjónar í kirkjum landsins. Starf mitt með Imago Dei (grísk trúvarnarsamtök) hefur verið mjög skemmtilegt þar sem við kynnum grísku þjóðinni trúvörn. Ráðstefnan var mikilvægt skref í þá átt. Allir fyrirlesararnir voru grískir og gaf það okkur betri skilning á hugsunarhætti þjóðarinnar og hvernig má ná til hennar með trúvörn. Ég vona að fleiri ráðstefnur eigi eftir að sjá dagsins ljós í framtíðinni.

Mig langar að þakka kristniðóðsvinum fyrir stuðninginn og fyrirbærir. Ég gæti ekki starfað hér í Grikklandi án ykkar hjálpar. Guð blessi ykkur.

Janet Sewell



Trúvarnarnámskið í Grikklandi.

Góð ferð til Keníu



Ragnar og fulltrúar kirkjunnar og skólanevndarinnar á nýsteyptri plötu nýju skrifstofubyggingarinnar í Propoi.

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍK, dvaldi í Keníu í tvær vikur í lok janúar og byrjun febrúar sem leið. Tilgangur ferðarinnar var að fylgja eftir stuðningi og starfi SÍK í Pókothéraði og nágrannasveitum, ekki síst skólaverkefninu. Tveir framhaldsskólar fengu styrk frá Utanríkisráðuneytinu en framlag þess var 12,2 milljónir og framlag SÍK um ein og hálf milljón. Byggingaframlagendur voru vel á veg komnar og eru komnar enn lengra í dag. Til stendur að taka formlega í notkun tvær heimavistir við Embo Asis framhaldsskólann í sumar. Eins standa vonir til að byggingaframlagendum við Propoi Girls Secondary School ljúki seinni hluta sumars. Er það mikil stjórnunareining með skrifstofum, kennarastofum og fleiru. Við það losna tvær kennslustofur sem notaðar hafa verið. Ekki veitir af, því enn fjölgar í skólanum og eru nemendur 465 talsins.

Annar tilgangur ferðarinnar var að fylgjast með útbeislustarfi kirkjunnar sem er viðamikil og nær til jaðarsvæða innan og utan Pókothéraðs. Gengur það starf vel, er vel skipulagt en einnig krefjandi vegna fjarlægðar heiman að frá fyrir þá sem sinna því.

Loks heimsótti Ragnar og samferðamaður hans og svili, Magnús J. Kristinsson barnatannlæknir, gamlar starfsstöðvar sem áður heyrðu undir Chepareria, þar sem Ragnar bjó lengst af



Nemendur í Propoi Girls Secondary School.



Steypuvinna við framhaldsskólann í Propoi.



Ragnar fyrir utan kirkjubyggingu í Kalia.

á starfstíma sínum í landinu. Alls staðar var afar ánægjulegt að koma og sjá vöxt starfsins og prótt heimamanna í því að

halda því gangandi, sinna kirkjubyggingum og uppbyggingu skóla á öllum þessum stöðum þrátt fyrir mjög takmörkuð fjárráð.

Íslenskukennsla í boði Kristniboðssambandsins

Kristniboðssambandið hefur boðið útlendingum ókeypis íslenskukennslu frá haustinu 2015. Námskeiðin fara fram í Kristniboðssalnum tvo morgna í viku. Boðið er upp á barnapössun á meðan á tímunum stendur. Mikill fjöldi útlendinga hefur notfært sér námskeiðin, sumir komið trúfastlega í hverri viku og aðrir komið nokkrum sinnum. Aðstæður fólks eru mismunandi, sumir fá vinnu, aðrir hefja skólanám og enn aðrir fá ekki landvistarleyfi. Til að sýna fjölbreytni nemenda má nefna að í vetur komu þeir frá eftirtöldum þjóðlöndum: Sýrlandi, Íran, Írak, Palestínu, Georgíu, Kúrdistan, Kasakstan, Moldavíu, Úkraínu, Lettlandi, Þýskalandi, Spáni, Englandi, Hollandi, Rússlandi, Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Írlandi, Rúmeníu, Bandaríkjunum, Brasilíu, Kólobbíu, El Salvador, Japan, Kína, Filippseyjum, Keníu, Nígíríu og Eþíópíu.

Þegar nemendur koma hafa þeir mismikla kunnáttu í íslensku og því hefur verið lögð mikil áhersla á hópinn þar sem hægt er að koma til móts við þarfir hvers og eins. Hópur sjálfboðaliða aðstoðar við kennsluna og eru það bæði kennarar á eftirlaunum og aðrir sem hafa áhuga á málefnum. Auk íslenskukennslunnar er reynt að fræða um íslenska menningu svo og kristna trú. Oft eru sungnir íslenskir söngvar í byrjun tímanna við miklar vinsældir. Þá er boðið



upp á kaffiveitingar í hvert skipti og koma margir nemendur löngu fyrir tímann til að geta fengið sér kaffi og spjallað saman. Þá hafa nemendur einnig komið með bakkelsi frá sínu heimalandi og lagt á hlaðborð.

Mikil ánægja er meðal nemenda og koma þeir gjarnan með nýja nemendur með sér. Vonir standa til að framhald verði á íslenskukennslunni í haust. Í vetur fékk Kristniboðssambandið styrk frá Hjálparstarfi kirkjunnar og Rannís til að halda námskeiðin. Einn launaður starfsmaður, kennari, sér um kennsluna og um 10-14 sjálfboðaliðar

hafa hjálpað meira eða minna til í vetur. Nýir áhugasamir sjálfboðaliðar eru alltaf velkomnir að slást í hópinn.

Í spádómsbók Jesaja, 55. kafla, vers 5 standa þessi orð sem segja má að séu tímanna tákni í dag vegna hinna miklu fólksflutninga sem eiga sér stað: *Sjá, þú munt kveðja til þjóðir sem þú þekkir ekki og þjóðir, sem ekki þekkja þig, munu skunda til þín vegna Drottins, Guðs þíns, Hins heilaga Ísraels, því að hann hefur gert þig vegsamlegan.*

Kristín Bjarnadóttir

Sprengrjúrásir á kirkjur í Egyptalandi

Á pálmásunnudag í ár létu 27 manns lífið þegar sprengja sprakk í miðri guðsþjónustu í St. George kirkjunni í Tanta í Egyptalandi. Andartökum síðar sprengdi maður sig í loft upp fyrir utan St. Mark kirkjuna í Alexandríu, þar inni var æðsti maður koptísku kirkjunnar, Tawadros páfi, og leiddi hann guðsþjónustuna. Aukin öryggisgæsla leiddi til þess að tilræðismaðurinn komst ekki inn í kirkjuna og sprengdi hann sig því í loft upp fyrir utan þar sem var fjöldi manna.

Íslamska ríkið (ISIS) hefur lýst árásum á hendur sér. Samtökin segja að Egyptaland eigi að vera íslamskt ríki og hafa því lýst alla kristna menn réttðræpa. Sat-7 hefur sent fólk á staðinn til að tala við sjónarvotta og jafnvel fórnarlömb. Myndefnið er svo notað í umræðubáttum sem njóta mikilla vinsælda í þeim löndum sem geta náð Sat-7. Fólk er hvatt til þess að gæta að öryggi sínu en



fara um leið að dæmi Jesú að mæta illu með góðu. Sama hversu erfitt það kann að reynast.

Stofnandi og yfirmaður Sat-7, Terence Ascott, sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar vöðaverkanna þar sem hann segir: „Hvort sem við erum í Egyptalandi, Stokkhólmi,

London, Berlín, Nice eða París þá er í reynd ekki hægt að verja sig gegn svona árásum. Illri hugmyndafræði sem fest hefur rætur í hjörtum manna getur aðeins Guð snúið til góðs. Hugsjón Sat-7 er og verður að senda frá sér efni sem fyrir heilagan anda Jesú Krists breytir hugum og hjörtum fólks.“

Rausnarleg gjöf til kirkjubyggingar í Pókot

Kristniðóðssambandinu berast árlega fjölmargar gjafir til starfsins. Hjónin Katrín Ásgrímsdóttir og Gísli Guðmundsson hafa gefið nokkrar milljónir til kirkjubyggingar í Chepkobe. Okkur langar að forvitnast aðeins um þessa gjöf og fengum Katrínu til að svara nokkrum spurningum.

Katrín, hvernig kynntust þið starfi Kristniðóðssambandsins?

Haustið 1999 fórum við til Keníu, í ferð sem farin var á vegum SÍK. Ferðin var mikil upplifun og breytti hún afstöðu okkar til lífisins og til máttar trúarinnar. Ég (Katrín) komst upp úr því til trúar og við stofnuðum hóp austur á Héraði, kristniðóðshóp. Það var frábært samfélag, mjög gefandi.

Hvað var það sem hreif ykkur mest þegar þið voruð í Pókot í Keníu?

Starf íslenska kristniðóðsins hreif okkur. Hvað mikið er hægt að gera fyrir lítið fé og hvað bæði íslenskir og innlendir starfsmenn voru tilbúnir að leggja mikið á sig. Það er unnið mjög óeigingjarnt starf þarna úti sem hefur skilað sér í miklum framförum í samfélaginu. Það sem er þó enn mikilvægara er hvað trúin er fólkinu mikilvæg. Það að eignast von, von sem er ekki byggð á sandi. Þessi von gefur styrk sem veitir fólki aukinn þrótt í lífsbaráttunni og ég held að þetta geti verið fólki mikilvægara oft á tíðun en almenn þróunaraðstoð þó það þurfi allt að haldast í hendur. Það eru kristniðóðarnir sem færðu þessa von til fólksins þó innlendir aðilar hafi að mörgu leyti tekið við keflinu.



Fanney Jónsdóttir og Guðmundur Gíslason.

Ég vil líka nefna að það hreif okkur mjög hvað trúin og trúarsamfélagið hefur breytt aðstöðu til kvenna og sjálfsvitund kvenna. Þær sem voru lægstur og lítt metnar í samfélaginu en eru í trúnni jafningar karlmanna því allir eru jafnir fyrir Guði.

Hvers vegna gefið þið svona rausnarlega gjöf til kirkjubyggingar?

Að gefa fé til kirkjubyggingar gefur manni tækifæri til að vera þátttakandi í verki

Guðs á mjög öflugan hátt. Við upplifðum í ferð okkar hversu dýrmætt samfélagið í kirkjunni er fólkinu. Ekki síst kvenna sem lögðu jafnvel á sig margra klukkustunda göngu til að vera með í guðþjónustu á sunnudegi. Við sáum kraftinn og gleðina í Jesú í starfinu í kirkjunum. Starfið vex og söfnuðirnir og starfsfólkið þarf aðstöðu. Að geta tekið þátt í að veita það gefur manni einstaka gleði. Það er hægt að gera mjög mikið úr peningunum með því að taka þátt



Kirkjan í Chepkobe sem nýtur stuðnings hjónanna Katrínar og Gísla.



Unglingakór tók þátt í guðþjónustu í Chepkobe.

Af götu í skóla

í uppbyggingu á þessum slóðum. Allt er mikið ódýrara en hér og vart hægt að hugsa sér betri fjárfestingu þó gróðinn sé ekki í peningum.

Við ákváðum að gera þetta til minningar um foreldra Gísla; Guðmund Gíslason (f. 17.09.1910- d. 6.3.1973) og Fanneyju Jónsdóttur (f. 1.10.1916 – d. 24.11.2009). Líf þeirra minnir okkur um margt á lífsbaráttuna í Pókot þótt aðstæður séu mjög ólíkar. Þau börðust lengst af í fátækt eins og var víða á Íslandi á fyrrihluta síðustu aldar og fram yfir miðja öld og líkt og mætir fólki í Pókot í dag. Í þessum aðstæðum upplifum við samt lífsgleði og gestrisni. Það snerti okkur mjög í heimsókn okkar í Pókot og á sama hátt á Gísli minningar úr sinni æsku þar sem gjafmildi og gestrisni réði ríkjum þrátt fyrir allt.

Þráin að börnin fái meiri tækifæri en foreldrarnir er líka það sem maður upplifir í báðum þessum menningarheimum. Það er alveg sama hvort það er Ísland eða Kenía. Manneskjan býr allstaðar við sömu þrár og baráttuprek. Það má líka nefna í þessu samhengi að Fanney, mamma Gísla, var alin upp í torfbæ í hópi 16 systkina. Það er ekki langt síðan samfélag okkar var á talsvert öðrum stað en það er í dag og við vonum að samfélagið í Pókot stefni fram á við til betri lífsskjara og meiri tækifæra fyrir íbúana þar.

Veistu hvernig gengur með byggingu kirkjunnar og hvenær vonist þið til að henni verði lokið?

Við höfum haft mjög gaman að því að fylgjast með byggingunni. Skúli Svavarsson og Ragnar Gunnarsson hafa sent okkur myndir. Byggingin er orðin fokheld og söfnuðurinn er farinn að halda þar samkomur og það var einstaklega gefandi að sjá myndbandsupptökur frá Ragnari frá samkomu í kirkjunni. Við vonumst til að byggingin verði langt komin í lok ársins og við höfum hug á því að fara út í byrjun árs 2018 og vera þar við vígslu kirkjunnar.



Kirkjan í Chepkobe er troðfull af fólki þó að hún sé ekki fullbyggð.



Börn á dagheimili My sisters.

Kristniðóðssambandið styður fátæk börn í Addis Abeba með hjálp margra einstaklinga sem gefa mánaðarlega til verkefnisins. Verkefnið kallast Af götu í skóla og felst í því að hjálpa börnum og fjölskyldum þeirra til sjálfshjálpar. Samtökin My sisters (Systur mínar) og Hope for children (Von handa börnum) sjá um verkefnið. Nýlega barst bréf frá stofnanda My sisters, Marit Bakke, sem var nýkomin heim frá Addis Abeba. Hún fór þangað með norskum arkitekt og stjórnarmanni í samtökunum í Noregi. My sisters fengu nýja lóð fyrir nokkrum árum og stendur til að byggja þar skóla fyrir fátækar konur. Nú bjóða samtökin upp á námskeið í hárgreiðslu sem er vinsælt og hafa allir nemendur fengið störf að námi loknu. Margar kvennanna eru einstæðar mæður og geta séð fyrir sér og börnum sínum þegar þær hafa fengið vinnu. Einnig geta konur lært að verða aðstoðarkennarar eða aðstoðarleiksskólakennarar. Núna fara námskeiðin fram í gámum svo þörfin á nýrri byggingu er mikil. Þá er líka mikil þörf fyrir stærra húsnæði fyrir bókasafn og lessal sem líka eru nú starfrækt í gámun. Með stærra húsnæði er hægt að taka við fleiri nemendum. Rúmlega 300 ungar konur hafa fengið starfsmenntun og störf síðan námskeiðin hófust. Starfið hefur því borið mikinn árangur.

Marit notaði tækifæri á meðan hún dvaldi hjá My sisters að fara yfir lista yfir börn sem Kristniðóðssambandið og fleiri styðja. Við fáum væntanlega innan tíðar myndir af börnunum og upplýsingar um þau. Marit fylgdist með starfinu frá því að börnin komu á dagheimilið árla dags. Hún sá þegar sjúklingar heilsustöðvarinnar mættu og



Starfsfólk My sisters í Addis.

þá sem áttu viðtal við félagsráðgjafa um vandamál sín. Hún sá þá sem heimsækja skjólstæðinga samtakanna leggja af stað í heimsóknirnar. Það var mikið áfall þegar ruslahaugur borgarinnar, sem er í næsta nágrenni, hrundi. Þrjár konur og eitt barn, sem voru skjólstæðingar samtakanna, létust, en alls fórust að minnsta kosti 120. Heimsóknarþjónustan hafði í nógu að snúast eftir þetta hörmulega slys. Margir sem lifðu af misstu allt sitt.

Samtökin líta björtum augum til framtíðar og hlakka til að hefja byggingarframkvæmdir. Marit segir í lok bréfsins að hún vildi óska að fólk gæti komið í heimsókn og séð með eigin augum þetta stórkostlega starf sem samtökin ynna af hendi. Að lokum þakkar hún öllum sem taka þátt í gjafakerfinu. Íslendingar geta tekið þátt í verkefninu og styrkt eitt barn með mánaðarlegu framlagi, t.d. með því að láta draga af greiðsluskortinu sínu. Það kostar kr. 3.500 að styrkja eitt barn og fjölskyldu þess mánaðarlega. Þeir sem vilja vera með geta hringt á skrifstofu Kristniðóðssambandsins í s. 5334900 eða sent tölvupóst á sik@sik.is.



Magnús í hópi tannlækna á spítalanum í Kapengúría.

Heimsókn til Keníu

Magnús Kristinsson tannlæknir fór nýverið í heimsókn til Keníu og kynnti sér starf Kristni-þóðssambandsins. Hann sendi blaðinu þessa grein.

Hugmyndin að ferðinni kom frá Ragnari Gunnarssyni svila mínum. Hann var á leið í vinnuferð til Keníu til að fylgjast með starfi kristniþóðsins. Hann vissi vel að mig langaði að heimsækja hann og Hrönn, eiginkonu hans, þegar þau störfuðu þar úti en úr því varð aldrei.

Eftir þó nokkra umhugsun ákvað ég að fara og leit á þessa ferð, að hluta til, sem þakklætisvott um bænheyrslu vegna lítils sonarsonar sem var veikur og var að ná sér smátt og smátt. Hrönn og Ragnar hafa verið í sambandi við Pálínu barnfóstru sona þeirra Sigurðar og Hermanns Inga frá því þeir voru litlir drengir í Chepareria. Pálína er mikil bænakona og það mikið fyrir barnabarni mínu.

Við Ragnar fórum frá Kaupmannahöfn 25. janúar og flugum gegnum Amsterdam til Nairobi. Strax fyrsta daginn í Nairobi kom í ljós að ökuskríteini Ragnars var ekki lengur í gildi og ekki hægt að endurnýja með stuttum fyrirvara. Það var því nauðsynlegt að fá bílstjóra til að keyra okkur norður til Pókothéraðs. Ferðin tók 8-9 tíma og var í sjálfu sér gott að Ragnar þurfti ekki að keyra því það er mjög þreytandi á vinstri kanti. Tómas bílstjóri er alvanur ökumaður og var meira að segja tekinn fyrir of hraðan akstur. Bíllinn var gamall Toyota Hi-lux en hann stóð sig vel alla ferðina. Þegar til Pókot kom, þ.e. Kapengúría hittum við

Pálínu augnablik en áttum svo eftir að hitta hana í tvígang síðar.

Við fengum ágætis hús á lóð kristniþóðsins í Kapengúría. Í þessu húsi bjuggu kristniþóðarnir Skúli og Kjellrun. Þaðan fórum við í margar dagsferðir til margra skóla og kirkna og voru flestir dagarnir fullbókaðir hjá okkur. Ragnari, og þá einnig mér, var allsstaðar vel tekið og var hver dagur nýtt ævintýri fyrir mig. Ég var eins og í óvissuferð en vissi þó alltaf að ég

var með öruggan fararstjóra bæði á jörðu og himni. Við komumst yfir alveg ótrúlega margar heimsóknir í kirkjur, messur og skólaheimsóknir. Ég tók 2500 myndir og mér leiddist svo sannarlega ekki.

Á Toyotunni (með bílstjóra, þó ekki þeim sama og keyrði okkur frá Nairobi) ókum við á alls konar vegaslóðum og þegar ég bar þetta saman við Fjallabaksleið syðri og nyrðri á Íslandi þá fannst mér ég vera á Fjallabaksleið „síðri“.



Kirkjan í Chepareria, vinasöfnuður Grensáskirkju.



Magnús og bænakonan Pálína.

Einn daginn vorum við í fjórum heimsóknum og komum tilbaka löngu eftir myrkur. Þá sáu stjörnur vel.

Við heimsóttum Cheparerira og Propoi framhaldsskólann sem Íslendingar hafa byggt. Þar var ég eins og varaforseti og Ragnar forseti, slíkar voru móttökur. Við heimsóttum kirkjubyggingar, eina sem íslenskur kristniþóðsvinur hefur lagt fé í. Við heimsóttum fátæka ekkju sem fékk að gjöf akur frá kristniþóðsvini á Íslandi. Við heimsóttum kirkju í Chepareria sem Grensáskirkja, vinasöfnuður hennar, og sr. Ólafur Jóhannsson hafa lagt mikið fé í. Ég heimsótti spítala í Kapengúría og fékk að skoða tannlæknastofuna sem er á spítalanum. Spítalinn hefur tekið miklum framförum að sögn Ragnars. Ég heimsótti þjóðminjasafn sem hefur að geyma m.a. fangaklefa Kenyatta forseta og fleiri baráttumanna. Svo fórum við í ógleymanlega heimsókn til Pálínu bænakonu og færðum henni gjafir. Ég hafði keypt nýjan farsíma í Nairobi og Ragnar setti í hann símakort. Hún var ánægð með okkur og ég fann hve gott var að vera kominn til hennar, sjálfrar bænakonunnar.



Magnús með Tómasi bílstjóra.



Ferðafélagarnir, Magnús og Ragnar, fyrir framan skóla í byggingu.

Öll ferðin var ein allsherjar bænheyrsla og upplifun fyrir mig og sé ég eftir á hve gott ég hafði af henni. Þá enduðum við í Nakuru – safari dýragarði og sváfum eina nótt í flottu smáhýsi. Við sáum alls kyns dýr m.a. ljón. Síðasta daginn í Nairobi fórum við í tvo smádyragarða, gíraffagarð og á fílarnaheimili fyrir munaðarlausu fíla.

Magnús Kristinsson

Heimsókn Færeyinga

Ellefu manna hópur Færeyinga dvaldi á Íslandi vikuna eftir páska. Kom hópurinn með ferju til Seyðisfjarðar og hafði samkomu og samverur á Elliheimilum á Austurlandi, Akureyri og víðar. Í Reykjavík var samkoma í Kristniþóðssalnum mánu- daginn 24. apríl þar sem hópurinn sá um dagskrána en það var m.a. vitnisburður, hugvekja og söngur.

Hópurinn var í rauninni með þessari ferð að ljúka þriggja ára námi í kvöldskóla sem færeyska Heimamissiónin hefur staðið fyrir undanfarið undir nafninu Podas – sem þýðir fótspor og vísar í eftirfylgd.



SÍK og Heimamissiónin eru bæði aðilar að Nordisk Indremisjonsráð og voru um tíma í samstarfi um tjalðgerðarkristniþóð.

RG

Heimsókn frá Keníu á kristni-þóðsviku



Nicholas Loyara og Ragnar Gunnarsson á kristniþóðsviku í Reykjavík.

Árleg kristniþóðsvika var haldin í Reykjavík og nágrenni dagana 26. febrúar til 5. mars. Að þessu sinni fékk Kristniþóðssambandið góðan gest, séra Nicholas Loyara, frá starfssvæði þess í Chepareria í Pókothéraði í Keníu. Loyara er jafnframt í forsvari fyrir útbreiðsluverkefni kirkjunnar sem SÍK greiðir fyrir að mestu leyti.

Loyara sagði frá uppvexti sínum, kynnum sínum af kristniþóðinu, vaxandi þátttöku og ábyrgð, áskorunum og velgengni eftir því sem við á. Var fólk almennt mjög ánægt með það sem hann hafði fram að færa. Viðtal var tekið við hann fyrir tímaritið Bjarma og mun það jafnframt birtast á vefsíðu sik.is þegar blaðið kemur út, væntanlega fyrri hluta júnímánaðar.

Í upphafi vikunnar fóru Loyara og framkvæmdastjóri SÍK til Akureyrar þar sem gesturinn prédikaði í Akureyrarkirkju og sagði frá á samkomu í félagsheimili KFUM og K í bænum. Síðan lá leiðin austur á Hérað þar sem þeir hittu þátttakendur í barnastarfi, fermingarborn á Egilsstöðum og tóku þátt í samveru kristniþóðsfélagsins Fljótsins.

Kristniþóðsvikan var haldin á nokkrum stöðum, í Kristniþóðssalnum, félagsheimilum KFUM og KFUK í Reykjavík og á Akranesi, Grensáskirkju, Breiðholtskirkju og Lindakirkju. Fram komu kórar og sönghópar úr ýmsum áttum og voru samverurnar yfirleitt vel sóttar.

RG



Karlakór KFUM syngur á kristniþóðsviku.

Páskahátíð í Malí

Sveinn Einar Friðriksson Zimsen, kristniboði í Malí, sendi okkur eftirfarandi bréf.

Kæru kristniboðsvinir á Íslandi.

Það er allt gott að fréttar af okkur, nú er heitasti tíminn í Malí, hitinn fer upp í 45 gráður á daginn og oftast ekki undir 30 á nóttinni. Þetta getur verið erfitt en gengur samt ágætlega.

Ég og Fredrik, samstarfsmaður minn, fórum til Bafoulabé og tókum þátt í kristlegu móti fyrir Malinkefólkið. Um 300 kristnir, karlar og konur, voru þarna saman kominn í heila viku til að fræðast og uppbyggjast í trúnni. Það var sérstaklega gleðilegt að nokkrir af þeim sem lesa Biblíuna reglulega og eru áhugasamir um kristna trú fóru með okkur. Mótið er haldið á mismunandi stöðum á Malinkeesvæðinu á hverju ári. NLM (Norska kristniboðssambandið) tekur þátt í mótinu og fjármagnar það.

Strax eftir mótið fórum við á árlega ráðstefnu kristniboðanna sem haldin var á Fílabeinsströndinni. Það var mjög gaman að hitta samstarfsfélaga okkar og ræða málin. Þegar við snérum heim voru komnir páskar og við héldum okkar árlegu páskahátíð í garðinum okkar og buðum vinum og yfirvöldum bæjarins. Við strengdum dúk yfir lóðina til að fá skugga, fengum lánaða stóla og pöntuðum mat. Undirbúningur hátíðarinnar einkennist alltaf af gleði og eftirvæntingu. Kristileg tónlist hljómaði úr hátalakerfinu frá því klukkan níu um morguninn og um 150 manns streymdi að. Fagnaðarerindi páskanna hljómaði, tónlist var flutt og gestir snæddu kjöt og hrísgrjón. Margir viðstaddir heyrðu páskaboðskapinn í fyrsta skipti. Hátíðin var tekin upp og spiluð



Sveinn Einar með félögum sínum á námskeiði í Bafoulabé.

í útvarpinu næsta dag svo enn fleiri fengu tækifæri á að heyra boðskapinn.

Við erum byrjuð með Alfánámskeið hér í Narena. Við erum hálfnuð með námskeiðið sem haldið er á kvöldin undir stóru tré í miðju þorpinu, á lóð sem er í eigu hjálparstofnunar sem er með verkefni í Narena. Það er fínt að það er ekki inni á lóðinni okkar eða annarra kristniboða. Námskeiðið er meira opið þarna. Tveir malískir samstarfsmenn okkar hafa hjálpað okkur með kennsluna. Þetta er búið að vera mjög gott námskeið með u.þ.b 20 þátttakendum. Samræðurnar hafa verið líflegar og margar spurningar. Eftir kvöldið

þar sem við töluðum um krossfestinguna og boðskap páskanna vildu tveir verða kristnir.

Nýtt verkefni er að hefjast sem hefur að markmiði að fylla í holurnar á gömlu gullgrafaravæði. Það er mikið um gullgröft hér í Narena og mörg svæði eyðilögð af uppgreftri og nýttast því ekki til akuryrkju. Þetta er mjög þarft og þakklátt verk.

Við erum glöð yfir því að kristniboðsvinir á Íslandi vilja fylgjast með starfinu hér í Narena.

Guð blessi ykkur.

Kær kveðja

Sveinn Einar og fjölskylda



Páskahátíð í garði kristniboðanna.



Alfánámskeið í Narena.



150 manns voru á páskahátíðinni í Narena.

Vorið er komið

Frá kristniboðunum okkar í Japan



Katsuko, Leifur og börnin Elín, Lilja og Hannes.

Vorið í Japan er alltaf erilsamur tími. Margir eru á faraldsfæti, starfsmenn stórfyrirtækja og fjölskyldur þeirra þurfa oft að flytja. Enda markar apríl upphaf nýs starfsárs fyrirtækja og upphaf nýs skólaárs. Þetta er einnig erilsamur tími hjá söfnuðunum í Lúthersku kirkjudeildinni í Vestur-Japan (WJELC). Hver söfnuður heldur ársfund í mars, þar sem starfsemi síðasta árs er rædd og metin. Meðlimir ræða áætlanir næsta árs og kjósa nýja safnaðarstjórn. Eftir þetta heldur WJELC árlega ráðstefnu sína í seinni hluta mars, þar sem fulltrúi frá hverjum söfnuði greiðir atkvæði um mikilvæg mál sem varða alla kirkjuna. Oft er tekist á um guðfræðilegar spurningar – síðustu árin hefur spurningin um kvenpresta verið mikið þrætuepli. Þar er einnig tilkynnt hvaða prestar þjóna hverjum söfnuði. Vegna skorts á prestum getur það verið þrautin þyngri að tryggja að allir söfnuðir hafi sinn sóknarprest eða kristniboða (42 söfnuðir í allt). Síðastlin ár hafa margir eldri prestar farið á eftirlaun og endurnýjun hefur ekki verið góð.

Nýir starfskraftar á Rokkóeyju

Í ár var séra Masakazu Kanji, presturinn okkar, fluttur til í starfi. Hann þjónar nú í Himeji nágrannaborg Kobe. Það er mikil eftirsjá af honum. Það hefur verið gott að vinna með honum undanfarin tvö ár. En maður kemur í manns stað – í hans stað kemur séra Yoshiharu Hirano, sem nýlega fór á eftirlaun eftir margra ára þjónustu við söfnuði í Osaka. Hann hefur einnig starfað sem kristniboði í Indónesíu (frá 1980). En



Leifur Sigurðsson kristniboði í Japan fyrir utan lúthersku kirkjuna á Rokkóeyju.

allt frá upphafi hefur WJELC lagt mikla áherslu á kristniboð. Séra Hirano hefur mikla reynslu og hann er brennandi fyrir kristniboði, að flytja fagnaðarerindið þeim sem ekki þekkja boðskapinn um Jesú. Það verður spennandi að vinna með presti sem sjálfur hefur reynslu af kristniboði í annari menningu.

Michiko Hoside, sem hefur verið í söfnuðinum hér í mörg ár, lauk nýlega tveggja ára námi við prestaskólann í Kobe (KLTS). Námið miðar að því að undirbúa leikmenn til að taka virkari þátt í starfi kirkjunnar. Michiko hefur haft umsjón með sunnudagsskólanum. Hún er einnig brennandi fyrir að boða fagnaðarerindið um Jesú.

Nýtt fólk

Nýlega hafa tveir nýir gestir, karl og kona, byrjað að sækja kirkjuna. Þau búa bæði hér á eyjunni. Lútherska kirkjan er eina kirkjan á eyjunni, þannig að reglulega kemur nýtt fólk sem lítur við og heimsækir kirkjuna í fyrsta skipti. Þau hafa bæði lýst miklum áhuga

á að læra meira um Biblíuna. Síðastliðin sunnudag tók maðurinn þátt í Biblíuleshópi karla sem hittist einu sinn í mánuði eftir guðsþjónustu. Það var mjög ánægjulegt og jafnvel þótt margt sé enn mjög nýtt fyrir honum þá tók hann virkan þátt og bað með okkur. Söfnuðurinn tekur nýju fólki opnum örmum og við vonum að þau kynnist Drottni og komist til trúar. Biðjið fyrir þeim (hr. Sionoya og frú Nakagawa).

Unglingastarfið

Unglingahópurinn, sem kallast „Teens“, hefur einnig stækkað. Tveir drengir sem sóttu sunnudagaskólann taka nú þátt í unglingastarfinu. Við stefnum einnig á að ná betur til unglinga í gagnfræðaskóla, sem er hér í næsta nágrenni við kirkjuna. Ég er svo heppinn að hafa góðan leiðtoga með mér í þessu starfi, Sei Kadoya, sem er háskólanemi. Hann spilar á gítar og er mjög virkur í kristilegu skólahreyfingunni (KGK). Það er gott að hafa gott samstarfsfólk og ég get oft falið honum ýmis verkefni. Það er spennandi að sjá hann vaxa og taka sífellt meiri ábyrgð. Hann er að glíma við hvort Guð sé að kalla hann til þjónustu og hvort hann eigi að sækja um í prestaskólanum eftir að hann lýkur námi á næsta ári. Biðjið fyrir honum og framtíð hans.

Tónleikar

Í júní mun Hljómsveit frá Finnlandi ferðast um Japan og heimsækja nokkra söfnuði í WJELC. Hljómsveitin - Mikko Goes To Heaven (MGTH) hefur oft ferðast til Japans. Síðast kom hún þegar við bjuggum í Fukuyama (2014). Hljómsveitina skipa miklir fagmenn og gera hlutina mjög vel. Flestir söngvarnir eru á japönsku og mestmegnis frumsamdir. Þegar þeir komu til okkar í Fukuyama var kirkjan þéttsetin og margir sögðu okkur seinna að tónlistin og vitnisburðurinn hefði snert þá djúpt.

Fjölskylda

Það var mjög gaman að fá Ragnar Gunnarsson í heimsókn. Börnin nutu þess að geta talað íslensku við einhvern annan en mig. Við erum öll hress og kát. Hannes er 12 ára og er að verða unglingur. Lilja er sjö ára og byrjaði í öðrum bekk í apríl í japönskum grunnskóla hér á Rokkóeyju. Henni líkar skólinn vel og hefur eignast marga vini. Hins vegar vonumst við til í haust að getað skráð hana í sama alþjóðlega skólann og Hannes er í. Elín er tveggja ára og mjög hress lítil hnáta. Nú getur hún tjáð sig um marga hluti, en hún talar ekki mikið á íslensku ennpá. Við þökkum ykkur öllum fyrirbætur og annan stuðning.

Leifur, Katsuko, Hannes, Lilja og Elín

Ungir menn í Íran spyrja um tilgang lífsins



Hvergi í heiminum er eiturfjaneytsla eins mikil og í Íran. Talið er að 2 milljónir manna séu háðir fíkniefnum. Flestir eru ungir, atvinnlausir menn, sem hvorki mega umgangast hitt kynið né neyta alkóhóls. Eiturfj virðist því eina leiðin fyrir marga. Sala eiturfja er líka leið út úr fátækt, sérstaklega vegna blómstrandi verslunar á heróíni í nágrennalandinu Afganistan. Kristilega sjónvarpsstöðin Sat-7, sem sendir út á farsí, reynir að taka á vandanum með vönduðum sjónvarpsþáttum. Einn þeirra kallast „Mýrin“ og er leikþáttur sem fjallar um kostnað samfélagsins vegna eiturfjaneytslu. Omid Ahangar, þekktur íranskur leikari, fer með aðalhlutverkið. Leikritið fjallar um vináttu fréttamanns og fyrrverandi eiturfjaneytanda, Nadar, sem hefur misst allt sitt. Áhersla er lögð á hvernig trúin á Guð getur breytt skaðsömu líferni einstaklings. Á næstu mánuðum á að sýna 45 mínútna langa fræðsluþætti sem kallast „Staðreyndir um eiturfj í Íran“. Í þáttunum verða fluttir vitnisburðir þriggja einstaklinga, konu sem

Söfnun vegna hungursneyðar í Eþíópíu

Stjórn Kristniþóðssambandsins ákvað nú í maí að svara játandi neyðarkalli frá Eþíópíu vegna hungursneyðar í Eþíópíu. SÍK leggur til fjármagn, ásamt norskum og dönskum samstarfssamtökum, til að gera Mekane Yesu kirkjunni í landinu betur kleift að bregðast við aðstæðum þar sem þær eru verstar. Skuldbinding SÍK er um 350 þúsund

er gift eiturfjaneytanda, eiturfjaneytanda og fyrrverandi eiturfjasala. Nú er verið að sýna vikulega þætti sem kallast „Vonarneisti“ og fjallar um staðreyndir og rannsóknir á eiturfjaneytslu. Þáttarstjórnandi er íranskur prestur, Miltan Danil, sem sjálfur var eiturfjaneytandi en losnaði úr fíkninni. Markmið þáttanna er að ná til áhorfenda með áhugaverðum umræðum sem hvetur þá til að ræða opinskátt um eigin vanda í beinni útsendingu. Miltan vill hjálpa fólki að skilja sjálft sig og íhuga samband sitt við Guð. Sjálfur segir hann: „Mig langar að sjá fólk sem er í fjötrum fíknar binda vonir sínar við Jesú og sjá það læknast og verða frjálst. Ég bið um vísðóm og styrk frá Guði til að gera nafn hans dýrlegt. Ég bið þess að ég geti þjónað áhorfendum, sem eru bundnir alls konar fíknunum, með kærleika og umhyggju og ég bið um frelsi fyrir Íran.“ Mikill fjöldi áhorfenda biður um fyrirbætur og ráðleggingar vegna fíkniefnaneyslu. Margir segja frá þeim góðu áhrifum sem Vonarneisti hefur haft á líf þeirra. Einn áhorfenda skrifaði: „Ég þakka Guði á hverjum degi fyrir ykkur í Sat-7, sérstaklega Miltan. Alveg eins og nafn þáttarins eruð þið vonarneisti okkar allra og það langar mig að þakka. Þið skilið vandamál mitt og eruð mér sem bróðir sem veitir mér von í erfiðleikum lífsins. Þeir mismunandi þættir en sami boðskapurinn. Ungir menn sem leita að tilgangi lífsins handan eiturfjanotkunar sjá von í Jesú Kristi. Biðjum fyrir þeim með orðunum úr Matteusarguðspjalli, 11. kafla, versum 29-30: Takið á yður mitt ok og lærið af mér því að ég er hógvætur og af hjarta lítillátur og þá munuð þér finna hvíld sálum yðar. Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.“

(Heimild: Sat7.org)

Kynþáttahatur í Afríku

- viðbrögð Sat-7

Það kemur mörgum á óvart að heyra af kynþáttahatri milli þjóða í Afríku. Í vinsælum umræðuþætti á SAT-7 sem ber heitið Bridges (e. brýr) var nýverið til umfjöllunar morð á súdönskum presti í Egyptalandi. Presturinn hét Gabriel Tut Lam og kenndi við skóla sem er ætlaður súdönskum flóttamönnum í Egyptalandi. Hann var barinn til dauða í miðri kennslustund af egypskum manni sem gekk inn af götunni og hrópaði að hann hataði svertingja. Annar súdanskur prestur að nafni Marko Deng lýsti í þættinum þeim ofsóknum og fyrirritningu sem Súdanar mæta í Egyptalandi sem alltof algengum og að yfirvöld skeyti engu um kvartanir og kærur. Sérstaklega sorglegt var að mannvinnurinn mikli Gabriel Tut Lam skuli hafa fallið fyrir hendi þessa ódæðismanns. Hann hafi sinnt afar mikilvægu starfi á meðal þeirra sem minnst mega sín.



Í gegnum landamæri Súdans að Egyptalandi hafa sl. ár fjölmargir leitað skjóls frá stríðsástandinu sem ríkt hefur í Súdan. Þeir hafast við í flóttamannabúðum á vegum Sameinuðu þjóðanna eða mynda lítil þorp daglaunafólks og búa þar við kröpp kjör. Súdanar eru flestir mjög dökkir á höfund á meðan flestir Egyptar eru ljósari yfirlitum. Ólíkt litarhaft, minni menntun, kristin trú, fátækt og fleira er á meðal þess sem magnar upp fordóma og ofsóknir. Fjölmargir Egyptar horfa á SAT-7. Í þættinum Bridges eru mikilvæg mál rædd þvert á trúarbrögð. Lögð er áhersla á skyldu kristinna manna í Egyptlandi og múslíma sömuleiðis að virða grundvallar réttindi Súdana og annarra til lífs og friðar.

(Heimild sat7.org)

Þökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEM
Á.K. Sjúkrabjálfun ehf
B. Ingvarsson ehf
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brauðhúsið ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Domino's Pizza
Efling stéttarfélag
Endurskoðun og reikningsskil hf
Fiskmarkaðurinn ehf
Garðs Apótek ehf
Gjögur hf
GLÁMA-KÍM arkitektar
Gróðrarstöðin Mörk
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Gullkistan skrautgripaverslun-www.thjodbuningasilfur.is
Gullsmiðurinn í Mjódd
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Höfðakaffi ehf
Íslenska auglýsingastofan
Kórall sf
Kvíka ehf Grafísk hönnun
Landsnet hf-www.landsnet.is
Löndun ehf
Orka ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ólafur Þorsteinsson ehf
Pósturinn
Suzuki bílar hf
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tónskóli þjóðkirkjunnar - Grensáskirkju
Útanríkisráðuneytið
Verkfræðistofan VIK ehf
Verslunin Rangá
Við og Við sf
VSÓ Ráðgjöf ehf
Þorsteinn Bergmann ehf

Kópavogur

ABC-Barnahjálpar
Íslenskt marfang ehf
Kambur ehf
Rafmiðlun hf
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
Vidd ehf, flísaverslun

Garðabær

Árvík hf
Geislataekni ehf-Laser-þjónustan
Ísafoldarprentsmiðja ehf
Íslandsfundir ehf

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf
H. Jacobsen
Hrafnistuheimilin
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf
Rafgeymasalan ehf
Útvík hf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Víðir og Alda ehf

Reykjanesbær

Sigurjónsbakarí
Varmamót ehf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík

Hópsnes ehf
Veitingastofan Vör ehf
Þorbjörn hf

Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf

Mosfellsbær

Hestaleigan Laxnesi
Nonni litli ehf

Akranes

Verslunin Einar Ólafsson ehf

Borgarnes

Skorradalshreppur
Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

Stykkishólmur

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía Stykkishólmi

Reykholahreppur

Þörungaverksmiðjan hf - Reykhólum

Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
Samgöngufélagið- www.samgongur.is

Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Glaður ehf

Tálknafjörður

T.V. Verk ehf

Blönduós

Húnavatnshreppur

Skagatrönd

Skagabyggð

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði

Siglufjörður

Fjallabyggð

Akureyri

Grófargil ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa

Dalvík

Vélvirki ehf, verkstæði

Egilsstaðir

Bókráð,bókhald og ráðgjöf ehf
Miðás ehf

Reyðarfjörður

Tærgesen, veitinga- og gistihús

Eskifjörður

Fjarðarþrif ehf

Höfn í Hornafirði

Uggi SF-47

Selfoss

Jeppasmiðjan ehf
Lindin, verslun

Hveragerði

Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is

Þorlákshöfn

Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Vestmannaeyjar

Miðstöðin ehf
Ós ehf

Á döfinni

Kaffisala 1. maí

Hin árlega kaffisala Kristniboðsfélags kvenna 1. maí gekk mjög vel. Konunum og gestum eru færðar þakkir fyrir þátttökuna. Ágóðinn, tæpar 700 þúsund, rennur til kristniboðsins.

Basarinn – ódýrar bækur í sumarfríð

Nytjamarkaður Kristniboðssambandsins er í Austurverí, Háaleitisbraut 68 í Reykjavík. Nýjar vörur bætast við á hverjum degi, s.s. bækur, föt og skrautmunir. Það er sjálfsgætt hvergi hægt að fá jafn ódýrt lesefni fyrir sumarfríð eins og í Basarnum. Þar er gott úrval af kiljum á íslensku og ensku svo og innbundnum skáldsögum og ævisögum.

Ef þú ert að taka til þætti okkur vænt um að þú myndir eftir Basarnum. Gott væri að fá skrautmuni og eldhúsdót, en það stoppar yfirleitt stutt við í búðinni.

Kærar þakkir til allra sem gefa trúfastlega á markaðinn, einnig þeim mörgu sem eru sjálfbóðaliðar. Fleiri sjálfbóðaliðar eru velkomnir í hópinn því nóg er að gera. Basarinn er opinn mánudaga til föstudaga kl. 11-18. Lokað á laugardögum í sumar. Tekið er við vörum á opnunartíma. Hægt er að hafa samband í síma 5626700.

Gjafakort Kristniboðssambandsins

Kristniboðssambandið gefur út gjafakort sem hægt er að kaupa til að gefa við hin ýmsu tækifæri. Með kaupum á kortunum er verið að styrkja ákveðinn hluta kristniboðsstarfsins s.s. laun prédikara, lestrarkennslu, fátæk börn, íþróttastarf, útvarps- og sjónvarpskristniboð, byggingu skóla, sjúkrahúss eða kirkju og fleira. Kortin eru litrík og falleg og á þeim stendur hvaða málefni er styrkt. Hvetjum við kristniboðsvini til að kaupa kortin þegar þeir ætla að gleðja vini og vandamenn. Þau eru nýjung í fjárflyun félagsins. Kortin fást í Basarnum Austurverí svo og á skrifstofu SÍK. Einnig er hægt að kaupa þau gegnum síma 5334900.

Samkomur alla miðvikudaga í sumar

Uppbyggilegar og fræðandi samkomur eru í Kristniboðssalnum á Háaleitisbraut 58-60 hvert miðvikudagskvöld kl. 20:00. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Samkomurnar eru auglýstar í félagslífi Morgunblaðsins, á fésbókarsíðu SÍK og heimasíðu Kristniboðssambandsins.

Kristniboðar koma í heimsókn á kristniboðsmótið á Löngumýri í sumar

Sumarmót Kristniboðssambandsins að Löngumýri í Skagafirði verður haldið helgina 14.-16. júlí. Kristniboðarnir Katsuko og Leifur Sigurðsson koma ásamt börnum sínum í stutt frí til Íslands í sumar og munu taka þátt í mótinu. Dagskrá mótsins er að venju fjölbreytt og eitthvað við allra hæfi. Lögð verður áhersla á gott og uppbyggilegt samfélag um Guðs orð og kristniboð.

Frekari upplýsingar um mótið fást á skrifstofu Kristniboðssambandsins, Háaleitisbraut 58-60, sími 533 4900, en skráning fer fram á Löngumýri í síma 453 8116.

Hlaupu til góðs

Reykjavíkurmaraþon – Hlaupum til styrktar kristniboðinu

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka 2017 fer fram laugardaginn 19. ágúst. Kristniboðssambandið er eitt af þeim góðgerðarfélagum sem hlaupa má fyrir og heita á í maraþoninu. Skráning í maraþonið er hafin á síðunni maraþon.is. Þátttakendur geta valið á milli sex vegalengda sem henta fyrir alla aldurshópa og fjölbreytt getustig. Hlauparar eru hvattir til að skrá Kristniboðssambandið sem sitt góðgerðarfélag. Mikilvægt er að hlauparar hvetji ættingja og vini að heita á sig í hlaupinu. Kristniboðssambandið hvetur lesendur Kristniboðsfrétta til að heita á hlaupara sem valið hafa að hlaupa til góðs fyrir Kristniboðssambandið.

Haustmarkaður

Ráðgert er að halda hinn árlega haustmarkað kristniboðsins laugardaginn, 9. september. Ávextir, grænmeti, sultur, kökur og fleira matarkyns er vel þegið. Nánar auglýst er nær dregur.

Látum skóna ganga aftur

Skógámar Kristniboðssambandsins eru á Sorpustöðvum höfuðborgarsvæðisins og minnum við velunnara kristniboðsins á að setja gömlu skóna sína í gámana.

Fréttir af kristniboðum

Fanney og Fjölur til Keníu

Kristniboðarnir Fanney Ingadóttir og Fjölur Albertsson munu fara til Pókot í Keníu í sumar og starfa þar í nokkrar vikur. Þau voru kristniboðar í Pókot á árunum 2010-2012 og hafa farið í nokkrar stuttar starfsferðir. Margir góðir innlendir prédikarar og prestar starfa í lúthersku kirkjunni í Pókot en þeim finnst gott að fá heimsókn og aðstoð kristniboðanna.

Kalli til Eþíópíu

Karl Jónas Gíslason mun fara til starfa í Eþíópíu í haust. Kalli mun starfa í þrjá mánuði í Ómó Rate og fylgja eftir starfi kristniboðsins þar. Eitt af verkefnum hans verður að styðja lestrarkennslu fullorðinna í Suður-Eþíópíu. Verkefni sem hann og eiginkona hans, Ragnheiður Guðmundsdóttir, komu af stað.

Katsuko og Leifur í Japan

Kristniboðarnir okkar í Japan, Katsuko og Leifur Sigurðsson, koma til Íslands í sumar í stutt leyfi. Þau munu hitta kristniboðsvini á Kristniboðsmóti á Löngumýri í Skagafirði helgina 14.-16. júlí.

Kristniboðar óskast

Kristniboðssambandið biður og vonar að nýir kristniboðar komi til starfa fyrir félagið. Mikil þörf er á kristniboðum víða. Þeir sem telja sig vera með köllun til kristniboðs eru hvattir til að hafa samband við stjórn eða framkvæmdarstjóra Kristniboðssambandsins.

